

Miðvikudaginn 14. júlí 1943.

Nr. 15/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Jóhannesar Jósefssonar** (Eggert Claessen hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags íslenzkra hljóðfæraleikara (Ragnar Ólafsson hrl.).

Deilt um lögmati félagssamþykktar stéttarfélags og um það, hvort fara hafi þurft eftir ákvæðum II. kafla laga nr. 80 1938.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 7. f. m., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Jóhannesar Jósefssonar gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags íslenzkra hljóðfæraleikara, hér eftir nefnt F. Í. H. Stefnandi gerir þessar dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði, að ólögleg sé samþykkt Félags íslenzkra hljóðfæraleikara frá 26. maí þ. á. um tölu hljóðfæraleikara á Hótel Borg hér í bæ (en samþykkt þessari verður nánar lýst síðar).
2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar vegna téðrar samþykktar, þar á meðal vegna þess, að brotið hafi verið gegn fyrirmælum II. kafla laga nr. 80/1938.
3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta vegna þess tjóns, sem stefnandi hefur beðið vegna umræddrar samþykktar.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málflutningi um upphæð skaðabótakröfu hefur verið frestað samkv. 71. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, og er því 3. liður dómkrafna stefnanda nú aðeins tekinn til meðferðar að því er varðar skaðabótaskyldu stefnda.

Tildrög og atvik máls þessa eru þau, að þann 30. apríl s.l. sagði stefnandi, sem er eigandi Hótel Borgar hér í bæ, upp öllum hljóðfæraleikurum hótelsins, 6 að tölu, frá 21. maí þ. á. Nokkru síðar, líklega upp úr miðjum maí, átti stefnandi tal við tvo hljóðfæraleikaranna, þá Vilhjálm Guðjónsson og

Svein Ólafsson, sinn í hvoru lagi. Skýrði hann þeim frá því, að ætlun sín væri að hafa aðeins fjögurra manna hljómsveit á Hótel Borg í sumar og falaði hann þá til þess starfs. Munu þeir hafa tekið því líklega, og fyrir tilmæli stefnanda átti Vilhjálmur tal við tvo aðra úr hljómsveitinni, þá Árna Björnsson og Jóhannes Eggertsson. Virðist Árni ekki hafa tekið því fjarri, en hann var þá þegar ráðinn annars staðar, og að athuguðu máli ekki talið ósennilegt, að hann gæti fengið sig lausan. Og eftir samtali við Jóhannes Eggertsson skýrði Vilhjálmur stefnanda frá því, að hann (þ. e. Jóhannes Eggertsson) vildi spila í fjögurra manna hljómsveit. Um kaup var ekki rætt sérstaklega, en aðiljar virðast hafa gengið út frá því, að það yrði óbreytt frá því sem áður var. Taldi stefnandi, að nefndir fjórir menn hefðu ráðið til sín í fjögurra manna hljómsveit á Hótel Borg í sumar, en því hafa nefndir hljóðfæraleikarar hins vegar neitað. Þann 21. maí s. l. hættu hljóðfæraleikararnir að spila á Hótel Borg, enda hófst næsta dag viðgerð á gólfinu í danssal hótelsins, er stóð nokkra daga, og var salurinn ekki notaður á meðan. Var það ætlun stefnanda, að hljómsveit byrjaði aftur að spila 29. maí s. l., að kvöldi.

Þann 26. maí s. l. var haldinn fundur í Félagi ísl. hljóðfæraleikara. Var þar þá gerð svo hljóðandi samþykkt:

„Fundur í F. Í. H. haldinn 26. maí 1943 gerir þá samþykkt, að öllum meðlimum félagsins er óheimilt að spila á Hótel Borg nema því aðeins, að jafnmargir séu í hljómsveitinni og verið hafa þar undanfarið og upp á sömu kjör og síðastl. vetur. Þá samþykkir og fundurinn, að þeir menn, er þar síðast unnu, hafi forgang.“

Stefnandi kveðst hafa frétt um samþykkt þessa á skotspónum þann 28. maí s. l. Kallaði hann þá áðurnefnda fjóra menn til viðtals við sig á Hótel Borg. Komu þeir allir þangað og gengu þrír þeirra á hans fund þar. Innti stefnandi þá eftir áðurnefndri samþykkt, en hún hafði þá ekki verið tilkynnt honum, og óskaði hann skýrra svara þeirra þá um kvöldið, hvaða afstöðu þeir ætluðu að taka í málinu. Þetta sama kvöld var aftur haldinn fundur í Félagi ísl. hljóðfæraleikara og þar ákveðið að halda fast við samþykktina frá 26. maí s. l., og tilkynnti Sveinn Ólafsson, sem er formaður F. Í. H., stefnanda það símleiðis þá um kvöldið.

Stefnandi, sem ekki hefur viljað fallast á réttmæti framangreindrar samþykktar, né ganga að þeim skilyrðum, sem þar

eru sett, höfðaði síðan mál þetta svo sem að framan greinir og gerði í því nefndar kröfur. Verða þær nú teknar til athugunar hver fyrir sig.

Um 1. Ólögmati samþykktarinnar frá 26. maí 1943.

Kröfu sína um það, að oftnefnd samþykkt Félags ísl. hljóðfæraleikara verði dæmd ólögleg, byggir stefnandi á því, að vernd sú, er stéttarfélögum sé veitt með lögum nr. 80/1938, til þess að vinna að framgangi krafna sinna á hendur vinnuveitendum, nái að sjálfsögðu ekki til hvers konar fjarstæðukenndra krafna. Það geti ekki komið til mála, segir hann, að stéttarfélög geti gert samþykkt um hvað sem vera skal, svo að það sé bindandi fyrir félagsmenn viðkomandi félags. Skilyrði það, sem hér sé sett, með samþykktinni frá 26. maí, fyrir því, að félögum í F. Í. H. sé heimilt að vinna á Hótel Borg, þar sem krafizt sé tiltekinnar lágmarkstölu þeirra, sem spila skuli, sé einmitt þess eðlis, að það njóti ekki verndar samkvæmt lögum nr. 80/1938. Þá sé það og jafn fjarstætt að binda hendur hóteleigandans um það, *hvaða* menn skuli starfa í þjónustu hans og nái það ekki nokkurri átt, að slíkar kröfur, sem hér um ræðir, njóti réttarverndar samkvæmt 14. gr. laga nr. 80 1938, því óhjákvæmilegt skilyrði þess sé það, að fram komnar kröfur séu þannig, að eðlilegt sé, að þær komi fram í sambandi við vinnudeilur samkvæmt því, sem tíðkast hefur í viðskiptum vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. En því sé ekki til að dreifa um skilyrði þau, er hér séu sett.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að það sé hvergi bannað í lögum að gera slíka samþykkt og þá, er hér um ræðir. Hún fari ekki út yfir takmörk félagslaga F. Í. H. og sé því heimil. Það sé fjarri því, að samþykktin sé á nokkurn hátt óeðlileg. Hún feli í sér samskonar kröfur og áður hafi verið gerðar til stefnanda og annarra veitingahúsa, um tiltekna tölu hljóðfæraleikara, og jafnvel samið um við sum þeirra, og sé ekki annað en krafa um, að sama regla haldizt, sem verið hafi undanfarin ár, en á Hótel Borg hafi t. d. s.l. 5 ár ætíð verið 6 manna hljómsveit, að undanskildum stuttum tímabilum tvisvar. Tala hljóðfæraleikaranna sé hagsmunamál fyrir þá og skipti máli að ýmsu leyti, t. d. sé að verulegu leyti erfiðara að spila í minni hljómsveit en stærri.

Að því er forgangsréttarákvæði oftnefndrar samþykktar varðar heldur hann því fram, að það sé fullkomlega lögmætt, enda hafi ekki verið ætlunin að beita því, nema aðeins á meðan

á samningum stæði við stefnanda, en tilgangur samþykktarinnar hafi m. a. verið sá að knýja stefnanda til samninga við stefnda (F. Í. H.).

Heimild 14. gr. laga nr. 80/1938 til handa stéttarfélögum og atvinnurekendum til þess með verkfalli, vinnustöðvun eða á því líkan hátt að knýja andstæðing sinn til þess að fallast á kröfur sínar, er að sjálfsögðu því skilyrði bundin, að kröfur þær, sem gerðar eru, séu nægilega tengdar eðlilegum hagsmunum þess aðilja, er setur þær fram. Skal nú fyrst athugað, hvort stefnda, F. Í. H., hafi verið óheimilt að setja það skilyrði fyrir starfi félagsmanna sinna á Hótel Borg, að ekki væru færri í hljómsveitinni en áður höfðu verið, þ. e. a. s. 6. Hagsmunir F. Í. H., sem við þessa kröfu eru tengdir, virðast einkum vera auknir atvinnumöguleikar fyrir félagsmenn og svo það, að starfið muni að einhverju leyti auðveldara eftir því sem hljómsveitin er fjölmennari. Þegar þetta er haft í huga annars vegar og hins vegar, að ekki er unnt að líta svo á, að hér séu gerðar óhæfilega strangar kröfur, þar sem ekki er krafizt fjölmennari hljómsveitar en verið hefur að jafnaði á Hótel Borg hin síðari ár, og ytri aðstæður almennt óbreyttar, þá þykir ekki fullyrðandi, að oftnefnd samþykkt sé að þessu leyti ólögmæi gagnvart stefnanda.

Hins vegar verður að líta svo á, að það sé réttur vinnuveitandans að ákveða það, hvaða menn hann kýs að velja til starfs úr ákveðnum flokki, og felist því ekki í 14. gr. laga nr. 80/1938 réttarvernd til þess að beita vinnustöðvun eða viðlíka aðgerðum til þess að knýja hann til að taka, eða hafa í þjónustu sinni, ákveðna menn, umfram það sem leiðir af samningsskyldum eða er sérstaklega heimilað á annan hátt, enda verður ekki séð, að það sé hagsmunamál félagsins, að ákveðnum félagsmönnum sé veittur forgangsréttur til starfa.

Niðurlagsákvæði oftnefndrar samþykktar frá 26. maí, um forgangsrétt til handa hljóðfæraleikurum þeim, sem áður unnu á Hótel Borg, er því ólögmætt gagnvart stefnanda og óheimilt fyrir stefnda að beita því gagnvart honum, en með því að eigi þykir nægilega fram komið, að þessum lið samþykktarinnar hafi enn verið beitt sérstaklega gagnvart stefnanda, þá verður stefndi ekki dæmdur í sekt fyrir þennan þátt hennar.

Um 2. Krafa um sektir fyrir brot á II. kafla laga nr. 80/1938.

Stefnandi heldur því fram, að hvað sem líði lögmæti framangreindrar samþykktar að því er efni hennar varðar, þá hafi

með henni verið samþykkt og gert greinilegt verkfall gagnvart sér.

Hann hafi áður en hún var gerð verið búinn að ráða til sín fjóra hljóðfæraleikara, en samþykktin hafi leitt til þess, að þeir komu ekki til starfans. En þó svo yrði litið á, að ekki hefði verið um endanlega ráðningu að ræða, þá skipti það ekki máli, því þessir fjórir menn hafi allir verið fúsir til þess að spila í fjögurra manna hljómsveit, en horfið frá því einungis vegna téðrar samþykktar, sem samkvæmt yfirlýsingu formanns F.Í.H. hafi orðið til vegna þess, að búizt var við, að hótelinu mundi takast að fá fjögurra manna hljómsveit, til þess að spila þar. Þar sem þannig hafi verið um vinnustöðvun að ræða hafi stefnda borið að fara eftir ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Þetta hafi ekki verið gert. Engin leynileg atkvæðagreiðsla hafi farið fram um samþykktina samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1938 né heldur hafi hún verið tilkynnt á þann hátt, né með þeim fresti, sem gert er ráð fyrir í 16. gr. sömu laga. Hefur hann samkvæmt þessu krafizt sekta á hendur stefnda fyrir brot á þessum ákvæðum.

Stefndi krefst sýknu af þessum kröfulið stefnanda. Hefur hann eindregið mótnælt því, að oftnefndir fjórir menn hafi verið ráðnir til starfa á Hótel Borg eftir 21. maí s.l. Einnig neitar hann því, að samþykktin frá 26. maí s.l. hafi verið einasta orsök þess, að þeir réðust ekki til starfsins. Það hafi verið ósamið um ýmis atriði, sem ekki hafi verið farið að tala um og sem auðveldlega hefðu getað leitt til þess, að samningar færu út um þúfur, svo sem það, að þeir fjórmeningarnir hafi ætlað að krefjast skriflegs samnings. Einn þeirra, Árni, hafi verið ráðinn annars staðar, og einnig ósamið um aukagreiðslur, sem þeir hafi ætlað að gera kröfu til. Hér hafi því alls ekki verið um verkfall eða vinnustöðvun að ræða í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938. Það hafi ekki verið litið á samþykktina sem slíka, og því ekki þótt ástæða til þess að fara eftir ákvæðum II. kafla nefndra laga um samþykkt hennar og tilkynningar, en markmið hennar hafi verið að fá stefnanda til þess að semja við F. Í. H. Hins vegar hafi raunverulega verið um vinnustöðvun að ræða af hálfu stefnanda, sem með uppsögn sinni 30. apríl þ. á. hafi verið að knýja fram breytingu á kjörum.

Svo sem áður hefur verið getið um hafði stefnandi máls þessa, Jóhannes Jósefsson, í maímánuði s. l., falazt eftir því

við fjóra nafngreinda hljóðfæraleikara af þeim sex, sem þar höfðu áður starfað, að þeir spiluðu í fjögurra manna hljómsveit á Hótel Borg í sumar. Af því sem fram er komið í málinu er ljóst, að þeir hafa þá tekið því líklega og er ekki sýnilegt að annað hafi þá verið fært fram því til hindrunar, en að einn þeirra væri ráðinn annars staðar, en sennilegt talið, að hann gæti fengið sig lausan. Það er fyrst eftir 26. maí, er oftnefnd samþykkt hafði verið gerð í F. Í. H., að afturkippur kemur í þessa ráðagerð, en tilefni samþykktarinnar var, samkvæmt skýrslu formanns F. Í. H. hér fyrir dómi það, að félagsmenn F. Í. H. hafi búizt við, að Hótel Borg mundi takast að fá fjögurra manna hljómsveit til þess að starfa þar. Þá er það og fram komið, að markmið samþykktarinnar hafi verið að knýja stefnanda til samninga við F. Í. H. og að halda á meðan óbreyttu ástandi á Hótel Borg í þessum efnun.

Þar sem markmið og tilgangur samþykktar F. Í. H. frá 26. maí s. l. var sá, sem nú hefur verið lýst, og ljóst má telja, af því sem fram hefur komið í málinu, að hún var höfuðástæðan fyrir því, að hljóðfæraleikararnir fjórir hófu ekki starf á nýjan leik á Hótel Borg, verður að telja, að hún hafi verið þess eðlis, að henni verði að jafna til vinnustöðvunar samkvæmt II. kafla laga nr. 80/1938, og átti því um hana að heita ákvæðum 15. og 16. gr. sömu laga. Sérstaklega bar stefnda þó að gæta ákvæða 15. gr. laganna um samþykkt hennar. Þetta gerði stefndur ekki, því samkvæmt því sem upp er komið í málinu var hún gerð á venjulegum félagsfundi og ekki einu sinni fyllilega ljóst, hve margir hafa greitt henni jákvæði sitt. Hún var ekki tilkynnt sáttasemjara né stefnanda á þann hátt, sem mælt er í lögum. Hins vegar er ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnda, að uppsögn stefnanda til hljómsveitarmannanna 30. apríl s.l. og afstaða hans til þeirra hafi leyst F. Í. H. undan því, að fylgja reglum II. kafla laga nr. 80/1938 um samþykktina frá 26. maí s.l.

Samkvæmt þessu hefur stefndi gerzt brotlegur við 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938 og ber því að dæma hann til greiðslu sektar í rikissjóð, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 70. gr. sömu laga kr. 75.00.

Um 3. Skaðabótaskyldan.

Stefnandi heldur því fram, að sökum oftnefndrar samþykktar F. Í. H. og vinnustöðvunar þeirrar, sem af henni leiddi, hafi hann orðið fyrir fjártjóni, vegna þess, að síðan hafi engin

hljómsveit spilað á Hótel Borg. Telur stefnandi, að þar sem nefnd samþykkt hafi bæði verið ólögleg að efni og ekki stofnað til hennar á lögmatan hátt, þá beri stefndi ábyrgð á því tjóni, er af því hafi hlotizt.

Stefndi hefur mótmælt skaðabótaskyldu af þessum sökum, þar sem ekki sé vist, að samþykktin hafi ein út af fyrir sig orðið þess valdandi, að stefnandi fékk ekki haldið uppi hljóðfæraslætti á hóteli sínu. En þó svo hefði verið, ætti stefnandi þá sök á því sjálfur, að hann hefði firrt sig rétti til skaðabóta úr hendi stefnda.

Því hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, að stefnandi kunni að hafa beðið tjón vegna þess að engin hljómsveit hefur verið starfandi undanfarið á veitingastað hans. Og þar sem telja verður samþykkt F. Í. H. frá 26. maí s.l. höfuðorsök þessa, en samþykktin er, svo sem að framan er greint, að nokkru leyti ólögmat að efni til gagnvart stefnanda, og ekki gerð á löglegan hátt, verður að telja stefnda bótaskyldan.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 250.00 upp í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

1. Niðurlagsákvæði samþykktar Félags íslenzkra hljóðfæraleikara frá 26. maí s. l., um forgang ákveðinna félagsmanna til starfa á Hótel Borg, er ólögmat.
2. Stefndi, Félag íslenzkra hljóðfæraleikara, greiði 75 króna sekt í rikissjóð.
3. Stefndi er bótaskyldur gagnvart stefnanda, Jóhannesi Jósefssyni.
4. Stefndi greiði stefnanda kr. 250.00 upp í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Ég tel að sýkna beri stefnda með tilvísun til þess, að F. Í. H. hafi ekki haft samninga við stefnandann og því hafi félaginu verið heimilt að hafa ihlutunarrétt um, að félagsmenn þess ynnu ekki hjá stefnanda nema með sömu kjörum og áður höfðu tíðkapt, enda sé vinnustöðvunin hjá stefnanda *verkbann*, en ekki verkfall af hálfu félagsins, þar eð stefnandinn hafi ákveðið vinnustöðvunina þegar hann sagði hljóðfæraleikurunum upp starfi, með það fyrir augum að rýra kjör þeirra og gat þar af leiðandi ekki fengið félagsmenn F. Í. H. til að vinna hjá sér, fyrir lakari kjör en gilt höfðu.

Rétt F. Í. H. til samþykktarinnar tel ég enn þá ríkari vegna þess, að

- félagið var með henni að verjast breytingu á kjörum, sem félagsmönnum F. í. H. voru óhagkvæmari, og svo vegna þess, að stefnandinn hafi algerlega neitað að ræða við stefnda um samninga.

Þriðjudaginn 19. október 1943.

Nr. 8/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar** (Eggert Claessen hrl.)
 gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Úrskurður.

Í máli þessu, sem tekið var til dóms 12. þ. m., er þess krafizt, að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar og skaðabóta vegna afgreiðslubanns, sem hann setti á báta og bíla stefnanda sökum vinnudeilu, er stefnandi átti í s.l. vetur við Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps.

Málið nr. 5/1943: Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Finnboga Guðmundssonar gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps, sem nú er rekið hér fyrir dómi, snýst um það, hvort verkfall, sem nefnt verklyðsfélag hóf 27. jan. s.l. og beindist m.a. gagnvart stefnanda, hafi verið löglegt og er í því máli gerð krafa um það, að verkfallið verði metið ólöglegt gagnvart stefnanda þessa máls, frá upphafi. Með því að deilt er þannig að nokkru leyti um lögmæti verkfalls þess, sem stefndi er sóttur til ábyrgðar fyrir að hafa stutt, þykir eftir atvikum rétt að fresta dómsuppsögu í máli þessu, þar til úrslit eru fengin í félagsdómsmálinu nr. 5/1943.

Því úrskurðast:

Dómsuppsögn í máli þessu er frestað, unz úrslit eru fengin í málinu nr. 5/1943.

RETTARÁÐGAFINGARSTOFN
 1943. 10. 20.